

Skaftárhreppur
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 4. apríl 2019
UST201902-029/F.T.
08.14.02

Efni: Staða frávika

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 5. febrúar sl. þar sem áformað var að áminna Skaftárhrepp vegna frávika er fram komu í eftirliti hjá urðunarstað Skaftárhrepps að Stjórnarsandi, þann 22. nóvember sl. Þann 21. febrúar sl. barst úrbótáaætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi til urðunar, kurlunar og geymslu. Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og magn timburs skal ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni og magn brotajárns ekki yfir 30 tonn hverju sinni. Magn timburs og brotajárns sem er geymt er nú yfir þeim mörkum. Einnig er töluvert magn af dekkjum er geymt á svæðinu en engin heimild er til þess skv. starfsleyfi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila voru 54 tonn af brotajárn fjarlægð í janúar.** Þjónustuaðili sveitarfélagsins mun sjá um að magn timburs og járns verði undir leyfilegum mörkum 15. maí nk. Hvað geymslu dekkja varðar hefur rekstraraðili sótt um að starfsleyfi verði breytt þannig að heimild sé til þess að geyma dekk á urðunarstaðnum. Ekki verður farið í frekari eftiryfigni með fráviku á meðan umsóknin er til meðferðar. Staða fráviksins verður endurmetin þegar umsóknin hefur verið afgreidd.
- Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmið höfðu ekki verið útbúin. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að sveitarstjórn Skaftárhrepps hafi falið umhverfis- og náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins, þann 14. febrúar sl. að koma með tillögu að umhverfismarmiðum.** Áætluð verklok eru í sumar.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal byrgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki hafði verið byrgt yfir allar urðunarreinar. Stór hópur hrafna var þá einnig við eina urðunarrein þar sem ekki var nægilega þakið yfir við komu á urðunarstaðinn. **Samkvæmt úrbótaáætlun mun þjónustuaðili sveitarfélagsins tryggja að byrgt hafi verið yfir allar urðunarreinar í síðasta lagi 15. maí 2019.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi frávik 2 og 3 en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands